

Opið hús og ársfundur í mars

Taktu dagana frá

Tveir stórir viðburðir verða hjá Almenna lífeyrissjóðnum í mars. Laugardaginn **10. mars** verður sjóðurinn með opið hús í húsakynnum sjóðsins frá kl. 11:00 til 15:00. Boðið verður upp á örnámskeið um lán og lífeyrismál, tónlist, skemmtun, ráðgjöf og spjall. Þann **22. mars** verður ársfundur Almenna síðan haldinn. Hvort tveggja verður auglýst nánar þegar nær dregur.

MARS

S	M	P	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Ný heimasíða Almenna

Enn betri upplýsingar



ALMENNI LÍFEYRISJÓÐURINN

SKYLDUSPARNAÐUR VÍÐBÓTARSPARNAÐUR ÁVÖXTUN LÁN LAUNAGREIÐENDUR

Ávöxtun 2017

Almenni hefur birt ávöxtunartölur síðasta árs

01 02 03 04

- Fræðsla og ráðgjöf**
Allt sem þú vilt vita um lífeyrismál, ávöxtun og víðbótarsparnað.
- Reiknivélar**
Allar reiknivélar sjóðsins á einum stað.
- Umsóknir og skilagreinar**
Umsóknir og skilagreinar á einum stað.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur opnað nýjan vef á slóðinni www.almenni.is. Markmiðið með nýja vefnum er að bæta enn frekar þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Meðal nýjunga má nefna **Netráðgjafann** sem svarar algengustu spurningum auk þess sem sjóðurinn hefur opnað **netspjall**.

Myndirnar sem prýða nýja vefinn eru flestar teknar af Önnu Guðmundsdóttur starfsmanni lífeyrisdeildar hjá Almenna.



BERÐU LAUNASEÐLA SAMAN VIÐ YFIRLIT

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir hreyfingar frá 1. júlí til 31. desember 2017 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Það er góð regla að bera saman launaseðla og yfirlit til að athuga hvort iðgjaldagreiðslur

á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyrissjóðsins. Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510-2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið@almenni.is.



Hagfelld árið baki

Árið 2017 var gott ár í ávöxtun hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Allar ávöxtunarleiðir hækkuðu og skiluðu fjórar yfir 7% raunávöxtun sem samsvarar 9 til 10% nafnávöxtun. Mesta hækkunin var í Ríkissafni löngu eða 9,8% en blönduðu leiðirnar þ.e. ævisöfnin þrjú og samtryggingarsjóður hækkuðu um 7,0% til 9,7%. Húsnæðissafn hækkaði um 5,3%, Ríkissafn stutt um 5,0% og Innlánaðsafn um 3,7%.

Nánari upplýsingar um ávöxtun ársins 2017 er að finna á vefnum okkar www.almenni.is

Binditími lengdur


Nú býðst sjóðfélögum Almenna að taka óverðtryggð lán með 36 mánaða binditíma vaxta í stað 12 mánaða áður. Þeir sjóðfélagar sem eru með óverðtryggð lán með eins árs endurskoðunartíma geta óskað eftir að binditími verði lengdur í þrjú ár. Hægt er að óska eftir breytingunni með því að senda tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is. Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar sjóðsins.



Gengisþróun



Eignir og fjárfestingarstefna



* Þannig er fjárfestingarstefna eru töldar með þeim eignaflokkum sem við á eru undirgagnir eignar þess.

Upplýst ákvörðun

Á nýja vefnum er að finna aðgengilegar upplýsingar sem geta aðstoðað sjóðfélaga við að taka upplýstar ákvarðanir um lífeyrismál sín. Flestar nýjungar eru í upplýsingum um ávöxtunarleiðir en þar er að finna línurit yfir gengisþróun, graf sem sýnir eignir, fjárfestingarstefnu, vikið mörk o.m.fl. Í nýrri fræðslugrein, **Upplýsingar fyrir upplýsta ákvörðun**, er farið yfir hvernig nota má nýja vefinn við val á ávöxtunarleið fyrir lífeyrissparnað.

Til þjónustu reiðubúin

Nýttu þér góða þjónustu

Á heimasíðu okkar, www.almenni.is, er daglega birt gengi ávöxtunarleiða en þar er einnig að finna gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál, fræðslugreinar og fréttir. Auk þess er hægt að senda fyrirspurnir til sjóðsins og panta viðtal við ráðgjafa.

Á skrifstofu sjóðsins, **Borgartúni 25**, Reykjavík, er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum.

Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-16 og geta sjóðfélagar komið hvenær sem er og hitt ráðgjafa sjóðsins, hringt í **síma 510-2500** eða sent tölvupóst á netfangið almenni@almenni.is.

